

ÖRLÖG TRÚARINNAR

SAGA EFTIR

JAMES A. FROUDE

I. BRÉF.*

Huntley prestsetur, 4. sept. 18—

Svo langt er nú síðan, að eg lofaði að skrifa þér, kæri Árbór, að sért þú ekki nú þegar búinn að gleyma mér, þá ertu víst farinn að álíta, að beztt væri að geta gleymt jafn vanþakklátum og vesölum manni,— en nú ætla eg að vera skilvís og borga með háum vöxtum— því eg álít bréfaskuldir áþekkar öllum öðrum skuldum. Borgir þú þær strax, er það lítils metið, en dragir þú það þangað til skuldeigandi er orðinn úrkula vonar, þá kemur borgunin eins og sending frá gudi. En kannske eg gjöri mér of háar vonir, því eg hefi ekkert um að skrifa nema sjálfan mig, enga viðburði, engar tilgátur, engar skoðanir, engin ævintýri, engin hugboð, ekkert — nema mína eigin tömu tilveru, sem mér er ekki þýðingarlaust efni, en veit alls ekki, því eg er að kvarta undan við þig. Sjálfslýsingar eru ekki þreytandi eða ætti ekki að vera, sé maður hreinskilinn um sjálfan sig,— en það er svo voða ervitt að vera hreinskilinn! En sleppum því, eg ætla nú samt að vera það, og þú þekkir mig nógu vel til þess að sjá í gegnum það, ef eg er að hræsna.

Það er rétt ár síðan við sáumst, og ekkert borið til tíðinda, nema eg er enn óákveðinn og óþreyjufullur, en því skyldi eg þreyta þig með því? En eg þarf aðstoð þína, og því leita eg til þín. Ekki svo að skilja, að vandræði mín séu mikil, en eg er öfugu megin við alla hluti. Föður mínum er mjög ant um, að eg taki einhverskonar embætti, og dökku gyðjurnar þrjár hafa boðið mér blíðu sína á víxl, en engri hefi eg getað úthlutað epl-

x) Saga þessi eða frásagnir er eitt mesta meistaraverk þessa fræga höfundar, og gengur út á að lýsa sálarstríði og siðferðisbaráttu manns, er búinn er að tapa öllu trausti á trú fedra sinna, en hefir þó lært til prests. Sagan fékk allharðan dóm, eins og við mátti búast, er hún fyrst kom út, en þykir nú eitt af listaverkum enskra bókmenta. — Heimir flytur sögu þessa í smáköflum framvegis.